

PÚLSINN - BRÁÐA- OG VIÐBRAGÐSTEYMI VEGNA OFBELDIS MEÐAL BARNA

Atvik kemur upp meðal barna á aldrinum
10-18 ára með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, þar sem
ofbeldi er hótað eða því beitt af ásetningi

Þjónustuveitendur:
Grunnskólar
Framhaldsskólar
Félagsmiðstöðvar
Félagsþjónustan
Barnavernd
Lögreglan
Heilsugæslan ofl

Þjónustuveitendur hafa samband við teymisstjóra með
símtali/tölvupósti. Ráðgjöf/speglun án persónugreinanlegra
upplýsinga um mögulega aðkomu teymis

Þjónustuveitendur kanna afstöðu forsjáraðila

Tilvísun í
teymið kemur
ekki í stað
tilkynningar til
barnaverndar
eða lögreglu

Ef forsjáraðilar
afþakka aðkomu
teymisins er málið
sett í annan farveg

Þjónustuveitendur fylla út beiðni í teymið, fá undirritun
forsjáraðila og senda í gegnum Signet transfer

Púlsinn tryggir
að tekið sé tillit
til afstöðu
barnsins í allri
vinnu teymisins

Púlsinn hefur samband við forsjáraðila, barn og tilvísanda vegna
beiðnar og tengist ábyrgðaraðila í lögheimilis sveitarfélagi barns.
Teymið kynnir samþætta þjónustu

Þjónusta Púlsins er margþætt og eru næstu skref metin í samráði við ábyrgðaraðila í lögheimilis
sveitarfélagi barns samkvæmt stigskiptri þjónustu.

Ábyrgðaraðili er ýmist:
Tengiliður farsældar í skóla eða félagsþjónustu eða málstjóri/ráðgjafi hjá félagsþjónustu/barnavernd

Tengiliður farsældar er
ábyrgðaraðili máls. Púlsinn tryggir
viðeigandi viðbragð og metur þörf
fyrir frekari þjónustu

Málstjóri/ráðgjafi í félagsþjónustu/barnavernd er
ábyrgðaraðili máls. Púlsinn tryggir viðeigandi viðbragð,
tekur þátt í stuðningsteymi og mögulega
stuðningsáætlun á meðan bráða- og viðbragðsteymið
hefur aðkomu að máli barnsins

Að lokinni vinnslu Púlsins fylgir lögheimilis sveitarfélag barns málinu eftir samkvæmt
verklagi lögheimilis sveitarfélags/samþættingu þjónustu

Ef ofbeldisatvik endurtekur sig getur þjónustuveitandi haft aftur samband við teymið varðandi mögulega aðkomu